

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Marteinstunga, tankur, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 12. nóvember 2020 tillögu að deiliskipulagi fyrir Marteinstungu, tank. Gert er ráð fyrir dæluhúsi, hjá núverandi miðlunartanki hitaveitu til að auka þrýsting á hitaveitukerfi veitunnar. Einnig verður gert ráð fyrir bættri aðkomu að svæðinu. Tillagan var endurauglýst frá og með 2. september 2020 til og með 15. október 2020 og bárust engar athugasemdir. Aðkoman er frá landvegi (26). Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 13. nóvember 2020.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 27. nóvember 2020